

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Hinn 2. apríl 1991 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á 24. og 25. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 22. júlí 1946 sem gerðar voru 12. maí 1986 á 39. þingi stofnunarinnar.

Gildistaka breytinganna verður auglýst síðar.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Breytingar á 24. og 25. gr. samkvæmt ályktun heilbrigðisþingsins WHA 29.38

24. gr.

Ráðið skipar 32 menn samkvæmt tilnefningu jafnmargra aðila. Heilbrigðisþingið kys þá aðila sem rétt eiga á að tilnefna mann til setu í ráðinu og skal það taka tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar skiptingar, að því tilskildu að eigi færri en þrír af þeim aðilum skulu kjörnir frá sérhverri svæðastofnananna sem stofnaðar eru samkvæmt 44. gr. Sérhver þessara aðila skal tilnefna í ráðið mann sem er sérfróður um heilbrigðismál og mega vara-menn og ráðgjafar vera í fylgd með honum.

25. gr.

Aðilar þessir skulu kjörnir til þriggja ára og má endurkjósa þá, að því tilskildu að af þeim aðilum sem kjörnir eru á fyrsta fundi heilbrigðisþingsins sem haldinn er eftir gildistöku breytingarinnar á stofnskrá þessari þar sem aðilum ráðsins er fjölgað úr þrjátíu og einum í þrjátíu og tvo skal kjörtímabil viðbótaraðilans sem kjörinn er vera, eftir því sem nauðsyn krefur, skemmra til þess að auðvelda megi kjör að minnsta kosti eins aðila frá sérhverri svæðastofnun ár hvert.

Amendments to Articles 24 and 25 in accordance with World Health Assembly Resolution WHA 39.6

Article 24

The Board shall consist of thirty-two persons designated by as many Members. The Health Assembly, taking into account an equitable distribution, shall elect Members entitled to designate a person to serve on the Board, provided that, of such Members, not less than three shall be elected from each of the regional organizations established pursuant to Article 44. Each of these Members should appoint to the Board a person technically qualified in the field of health, who may be accompanied by alternatives and advisers.

Article 25

These members shall be elected for three years and may be re-elected, provided that of the Members elected at the first session of the Health Assembly held after the coming into force of the amendment to this Constitution increasing the membership of the Board from thirty-one to thirty-two the term of office of the additional Member elected shall, insofar as may be necessary, be of such lesser duration as shall facilitate the election of at least one Member from each regional organization in each year.